



Dags.: 2025-09-30

Fundargerð

3. fundur nefndar vegna Byggingu slökkvistöðvar á Borg var haldinn í húsnæði BÁ á Selfossi þriðjudaginn 30. september kl. 10:00.

Fundarmeðlimur

Ragnar Guðmundsson
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Pétur Pétursson
Lárus Kristinn Guðmundsson
Eyjólfur Óli Jónsson
Jóhannes Þ. Guðmundsson
Eiríkur Steinsson
Sigurður Unnar Sigurðsson

Fyrirtæki

Grímsnes- og Grafningshreppur
Grímsnes- og Grafningshreppur
Grímsnes- og Grafningshreppur
Brunavarnir Árnessýslu
Brunavarnir Árnessýslu
Brunavarnir Árnessýslu
Hjálparsveitin Tintron
Hjálparsveitin Tintron
Húmfaxi ehf.

Netfang

ragnar@gogg.is
bjossiborg@gogg.is
smari@gogg.is
petur@babubabu.is
larus@babubabu.is
eyjolfur@babubabu.is
johannes@tintron.is
smidsholt@gmail.com
sigurdur@humfaxi.is

Afrit sent á fundarmenn og sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnar Guðmundsson.

Dagskrá

Á fundinn mætti Sigurður Unnar Sigurðsson frá Húmfaxa ehf. sem tilvonandi hönnuður hússins. Eftirfarandi var rætt og gert á fundinum:

1. Farið var yfir stofnskjál verkefnis. Athuga þarf að húsið verður nær 800 fm en 700 m.v. 9 bil sem hvert er 5 m breitt. Gera þarf ráð fyrir að þakkantur sé innifalinn í kaupum á húsi. Veggur í millilofti við tækjasal beggja aðila sé innifalinn, gluggi þar verði kominn en ekki uppsettur.
2. Farið var yfir hönnun á húsi á Flúðum. Hönnun á slökkvistöð mun miða við 18 m breidd á húsi líkt og þar. Það sé góð breidd til að öll tæki komist vel fyrir í tækjasal.
3. Farið var yfir mögulega staðsetningu húss m.t.t. til lóðar og því komið til hönnuðar. Staðsetja þarf hús þannig að kostnaður sé í lágmarki fyrir jarðvinnu og frágang.
4. Reiknað verður með 20 bílastæðum merktum með málningu.
5. Rætt var um stakstætt hús fyrir loftpressu og rafstöð. Reiknað verður með að það verði í sama útliti og slökkvistöðin. Inntök fyrir veitur munu fara þar inn.
6. Jóhannes tekur tvær prufuholur á fyrirhugaðri staðsetningu til að athuga með dýpt niður á fast. Þannig er hægt að minnka óvissu vegna jarðvinnu. Niðurstöður verða sendar á Ragnar og Sigurð.
7. Ragnar sendir DWG grunn af deiliskipulagi á Sigurð.



8. Farið yfir umfang hönnuðar. Reiknað með að Sigurður sendi drög að verksamning fyrir sinni vinnu á Ragnar til samþykkis fyrir næsta fund. Sigurður klárar aðaluppdrætti og útboðsgögn. Stefnt á að klára aðaluppdrætti og byggingarleyfisumsókn í kringum áramót. Reiknað með að útboðum verði skipt í eftirfarandi þætti:
 - a. Innkaup á húsi.
 - b. Jarðvinna undir hús, aðkomuvegur og jarðvegsskipti.
 - c. Reising á húsi og frágangur skv. forsendum í stofnskjali.
 - d. Lóðarfrágangur.
9. Sigurður tekur saman forsendur og byrjar vinnu við kostnaðaráætlun við framkvæmdina í heild sinni.
10. Farin var skoðunarferð um Björgunarmiðstöðina á Selfossi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:20.

Næsti fundur er bókaður 14. október kl. 10:00 á Borg í Grímsnesi.